

Verndarsvæði í sjó

Sigríður Kristinsdóttir^{1,2}, Jörundur Svavarsson², Guðrún Marteinsdóttir² og Sveinn Kári Valdimarsson¹

¹Náttúrustofa Reykjaness, Garðvegi 1, 245 Sandgerði

²Líffræðistofnun Háskólans, Öskju – Náttúrufræðahúsi, Háskóla Íslands, Sturlugötu 7, 101 Reykjavík og Háskólasetur Suðurnesja, Garðvegi 1, 245 Sandgerði.
sigridk@hi.is

Víða um heim eru verndarsvæði í sjó (MPAs; Marine Protective Areas) notuð til að stjórna fiskveiðum, auk þess sem þau eru mikilvæg til að viðhalda líffræðilegum fjölbreytileika og til að vernda náttúru- og menningarminjar. Telja má líklegt að í framtíðinni verði þessu stjórnþæki beitt í ríkari mæli hér við land. Nú þegar stendur til að banna botnvörpuveiðar á kóralsvæðum fyrir sunnan landið, til að vernda líffræðilegan fjölbreytileika. Forsendur fyrir skilgreiningu og verndun slíkra svæða er aukin þekking á lífríki sjávar og þekking á áhrifum verndunar á lífríki hafsins.

Markmið þessa rannsóknarverkefnis er að móta og þróa nýja aðferðafræði til að velja svæði, sem til greina kæmu sem verndarsvæði. Safnað er upplýsingum um ýmsa þætti, svo sem um líffræðilegan fjölbreytileika á botni sjávar, fiskveiðiálag, hrygningarsvæði mikilvægra nytjategunda, sem og upplýsinga um jarðmyndanir og menningarminjar á ákveðnum svæðum.

Landupplýsingakerfi (GIS) hefur verið notað til að taka saman upplýsingarnar og auðvelda samanburð á milli svæða, árstíma og á milli tegunda. Þannig er kannað hversu mikilvæg svæðin eru fyrir efnahag út frá veiðiálagi, og afla sem og útbreiðslu og lífshlaupi tegunda, svo sem hrygningu og nýliðun nytjafiska.